

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Ísafirði



Dags eftirlits	6.8.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vegagerðin	Fulltrúi UST	
Heimili	Dagverðardal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður B. Ásvaldsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Daníel og Pétur	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar við bikstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Fundur um kröfur í starfsleyfi og skoðun gagna.
2. Skoðun á mengunarvörnum stöðvarinnar.
3. Samantekt og kvittun fyrir eftirliti afhent.

Sest var niður með flokksstjóra svæðisstöðvarinnar á Ísafirði. Ákveðið var, þar sem þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar í stöðina, að eftirlitsaðili skyldi líka setja sig í samband við Daníel Árnason forstöðumann rekstrardeildar í Reykjavík um ákveðin málefni sem snúa að eftirlitinu.

Farið var yfir kröfur í starfsleyfinu til rekstraraðila. Áætlanir um frágang vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvun voru afhentar þegar sótt var um starfsleyfi í mars 2014, sem og áhættumat vegna starfseminnar og neyðar- og viðbragðsáætlun. Rekstraraðili skal hafa til taks verklagsreglur vegna löndunar olíu úr skipum, setja upp afstöðumynd, flæðirit og koma rekstrarhandbók og viðbragðsáætlun fyrir á staðnum. Einnig skal botnþykktarmæla geyma á tíu ára fresti, og þar sem það á við, þrýstiprófa lagnir á fimm ára fresti. Mæla skal olíu í fráveituvatni á þriggja ára fresti. Fram kom að verklagsreglur vegna löndunar á biki eru til og þeim fylgt við löndun. Koma þarf fyrir rekstrarhandbók með skráningarblöðum á staðnum, afstöðumynd og öðrum gögnum (greinar 1.11 og 3.1 í starfsleyfi). Botnþykktarmælingu á lýsisgeyminum og mælingu á olíuleifum í frárennsli skal einnig skila (grein 3.2 í starfsleyfi).

Engin þró er um bikgeyminn (grein 2.1 í starfsleyfi) og áfyllingarplan fyrir flutningstæki er ekki olíuhelt og ekki með niðurfalli sem tengt er olíuskilju (grein 2.2 í starfsleyfi). Olíuskilja skal vera vera í afrennsli úr þró og af áfyllingarplani og skal hún staðsett utan þróar þ.e. lekavarnar (grein 2.4 í starfsleyfi).

Gengið var um athafnasvæði bikstöðvarinnar og þá kom í ljós að eftir nýlegar framkvæmdir á Mávagarði er yfirborð malbikaðra gatna og nálæggra lóða allnokkru hærra en á lóð Vegagerðarinnar. Þannig er áfyllingarplanið við lýsisgeyminn og aðliggjandi malbikuð svæði sem halla að niðurfalli á áfyllingarplani orðin nokkrum sinnum stærri en það steipta svæði sem olíuskiljan var hönnuð til að þjóna. Endurútreikna þarf hvort forsendur hafa breyst svo að stækka þurfi olíuskilju fyrirtækisins á Mávagarði. Ef þró verður byggð um bikgeyminn þá er líklegt að færa þurfi olíuskiljuna svo hún lendi utan við þróarvegg og þá er einnig líklegt að ný þró um bikgeyminn kalli á afkastameiri olíuskilju.

Á fundi í Reykjavík 7. september sl. með Daníel Árnasyni og Pétri I. Ásvaldssyni var aftur farið yfir kröfur í starfsleyfi sem gerðar eru til rekstraraðila og kom fram að Vegagerðin hyggst standa fremst í flokki varðandi umhverfismál og var tekið vel í athugasemdir eftirlitsmanns. Þar kom fram að fyrirtækið hefur sett sér umhverfismarkmið sem finna má á heimasíðu fyrirtækisins og að keypt hefur verið ábyrgðartrygging vegna mögulegrar bráðamengunar. Þessi gögn hafa verið afhent fulltrúa Umhverfisstofnunar. Á fundinum var ákveðið að tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun yrði Pétur I. Ásvaldsson verkstæðisformaður á Ísafirði.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 2.1 í starfsleyfi	Krafa er gerð um að olíugeymar skuli vera í lekavörn, þ.e. olíuheldri þró.
grein 2.2 í starfsleyfi	Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.
grein 3.2 í starfsleyfi	Krafa er gerð um botnþykktarmælingar á geymum á 10 ára fresti og mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskiljunnar á 3 ára fresti eða oftar ef vafi leikur á að kröfur um hreinleikar frárennslisins séu uppfylltar (15 mg/kg olía eða minna)

ATHUGASEMDIR


Athugasemd 1:

Koma þarf fyrir rekstrarhandbók í stöðinni með skráningarblöðum fyrir viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Einnig afstöðumynd og flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna. Afrit af viðbragðsáætlun skal vera í stöðinni.

Athugasemd 2:

Endurskoða þarf og reikna út gerð og afköst olíuskilju sem þarf til þess að hreinsa fráveituvatn stöðvarinnar eftir að farið er í þær úrbætur sem þarf til þess að stöðin standist kröfur sem gerðar er til hennar í starfsleyfi og reglugerð nr. 035/1994.

Reykjavík, 15.09.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.